

Nd.

## 193. Frumvarp til laga

um hitaaflostöð og hitaveitu á Ísafirði.

Flm.: Finnur Jónsson, Sigurður Bjarnason, Áki Jakobsson.

### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita bæjarstjórn Ísafjarðar leyfi til þess að koma upp og reka hitaaflostöð og hitaveitu á Ísafirði, einkaleyfi til þess að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið, þar sem bæjarstjórn ákveður, og einkarétt til þess að selja heitt vatn til upphitunar á húsum, sem ná til hitaveitunnar. Bæjarstjórn setur reglugerð um rekstur hitaveitunnar, sem ríkisstjórnin staðfestir.

### 2. gr.

Þegar bæjarstjórn hefur reist hitaaflostöð og hitaveitu, getur hún bannað, að hús, sem ná til hitaveitunnar, verði hituð með öðrum hætti en með vatni frá hitaveitunni. Vatnshitunarkerfi, sem nú eru eða sett verða í ný hús eða gömul, skulu þannig gerð eða breytt svo, að þau megi tengja við hitaveituna.

### 3. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar vatnsæðar hitaveitunnar skuli lagðar um bæinn. Húseigendur kosta lagningu heimæða eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórn setur, en ríkisstjórn staðfestir, og skal ákveða gjaldið með hliðsjón af hitaþörf húseignarinnar. Heimæðarnar verða eign hitaveitunnar, sem sér um viðhald þeirra, húseigendum að kostnaðarlausu. Bæjarstjórnin sér um lagningu heimæða og getur samið við húseiganda um, að hann greiði heimæðagjaldið, auk 6% ársvaxta, með jöfnum afborgunum á allt að 5 árum, enda hefur bæjarstjórn þá veðrétt í húseigninni, er gengur fyrir öllum samningsveðskuldum í eitt ár frá gjalddaga, og þarf ekki að þinglýsa þeim veðrétti.

### 4. gr.

Bæjarstjórn hefur rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga sem henni þykir þurfa, til þess að leggja vatnsæðar þær, sem húseigendur kosta, og tengja þær við kerfi hitaveitunnar, og skulu þeir fara eftir reglum, sem bæjarstjórn setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá hitaveitunni inn í hús í bænum.

### 5. gr.

Hitaveita Ísafjarðar selur húseigendum heitt vatn til upphitunar húsa og annarra nota, eftir því sem reglugerð ákveður, með verði, sem skal ákveðið í gjaldskrá, er bæjarstjórn setur og ríkisstjórn staðfestir.

### 6. gr.

Lóðareigendur og lóðarleigjendur í lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem með þarf, til þess að veita megi vatninu um bæinn, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hitaveitan kann að hafa í för með sér, gegn bótum fyrir landsspjöll eftir fyrir-mælum vatnalaganna.

### 7. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefur leyft að koma upp hitaaflostöð og hitaveitu samkvæmt lögum þessarar, ábyrgist hún fyrir hönd ríkissjóðs gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, lán, er bæjarstjórn Ísafjarðar tekur til framkvæmdanna, allt að 5.5 milljónum króna, þó ekki yfir 90% af stofnkostnaði, enda samþykki ríkisstjórnin lánskjörin.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrá, sem verða settar samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir og skýringar:

Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur fá raforku frá orkuveri í Engidal, um 9 km frá kaupstaðnum.

Orkuverið samanstendur af tveim vatnsaflsvélum. Önnur vélasamstæðan, sem er 680 kw, hagnýtir Fossavatn, en hin vélasamstæðan, sem er 550 kw, er í sambandi við Nónvatn. Vélasamstæður þessar, sem eru um 1230 kw alls, fullnægja á engan hátt orkuþörf þeirra 3250 manna, sem eru nú á orkuveitusvæðinu, ásamt því að sjá ýmsum iðnaði fyrir nægilegri orku. Hamlar því orkuskortur allri venjulegri þróun alls þess iðnaðar, sem þarf að nota vélar til iðnrekstrar.

Fyrir utan það, að uppsett vélaafl fer ekki að nægja til framleiðslu við mesta álag, verður svo að segja á hverjum vetri að draga úr orkunotkun vegna vatnsskorts. Í því sambandi má geta þess, að s. l. vetur varð að skammta raforkuna yfir 3 mán. tímabil, og að síðustu varð að stöðva vélarnar frá kl. 1 e. h. til kl. 6 e. h. daglega og aftur frá kl. 10 að kvöldi til kl. 6 að morgni.

Þrátt fyrir þessar viðtæku ráðstafanir mátti ekki glegggra standa, að hinn nauðsynlegasti iðnrekstur, eins og t. d. frystihús, gæti fengið nægilega orku til nauðsynlegs viðhalds til frystingar fiskjar. Mátti ekki tæpara standa, að verðmæti, sem námu hundruðum þúsunda, eyðilegðust vegna orkuskorts.

Má þó bæta úr þessum vatnsskortri að nokkru með því að stækka uppistöðu Fossavatns og bæta miðlun í Nónvatni, og er hvort tveggja í athugun. Verður þessi úrbót þó ekki til annars en þess að bæta nýtni vélasamstæðnanna, og er því ekki um neina framtíðarlausn að ræða. Hafa því verið gerðar nokkrar athuganir á leiðum til framtíðarumbóta, og hafa rannsóknir leitt í ljós, að skynsamlegasta leiðin muni verða sú að byggja á Ísafirði hitaafsstöð til orkuframleiðslu. Hefur í því sambandi sú hugmynd komið fram að leggja hitaveitukerfi um bæinn og reisa eimtúrbinustöð, sem hvort tveggja í senn sæi íbúum fyrir rafmagni ásamt vatnsaflsvélunum og heitu vatni til húsa hitunar, þvotta o. fl. Voru 3 verkfræðingar, þeir Ben. Gröndal, Eiríkur Briem og Gunnar Böðvarsson, fengnir til að athuga og gera frumáætlun yfir slíkt mannvirki. Hafa þeir skilað álitu sínu, og leiða rannsóknir þeirra í ljós, að vandfundin muni öllu betri lausn á hitunar- og rafmagnsmálum Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps. Gera þeir ráð fyrir, að byggð verði eimtúrbinustöð með dieselvélasamstæðu 1700 ha, er hiti kaupstaðinn og framleiði 4.3 millj. kwst. af raforku á ári. Í sambandi við þessar tillögur hafa þeir gert svo hljóðandi kostnaðaráætlun:

Aflstöð ásamt húsi og öllu tilheyrandi .....	kr. 2650000.00
Hitaveita ásamt vatnsgeymum, dælum, ventlum, pípukerfi o. fl. —	2450000.00
Hitaveituheimtaugar .....	— 340000.00
Baðvatnstaugar í húsum .....	— 140000.00
Innanbæjarkerfi vegna raflagna og spennistöðva .....	— 550000.00

Alls kr. 6130000.00

Rekstraráætlun:

Tekjur .....	kr. 2260000.00
Gjöld .....	— 2018000.00

Tekjur umfram gjöld kr. 242000.00

Stofnkostnaður er, sem áður er getið, um 6.13 millj. kr. Af þessu mun um 70% verða innlendir kostnaður, en um 30%, eða um 2 millj. kr., þarf í erlendum gjaldcyri fyrir vélakaup og ýmislegt byggingarefni ásamt pípum í hitaveitukerfið. Þetta er mikill gjaldeyrir, en benda má á það, að með því að hita upp kaupstað eins og Ísafjörð með jarðolíu í stað kola sparast á ári hverju veruleg upphæð í erlendum gjaldeyri. Þá hefur verið leitað umsagnar raforkumálastjóra um framkvæmdir þessar. Bendir raforkumálastjóri á það, að enda þótt áætlanirnar bendi til þess, að slíkt fyrirtæki muni verða hagkvæmt fyrir kaupstaðinn, sé ástæða til nokkru nánari athugana ýmissa atriða í þessu sambandi. Í umsögn raforkumálastjóra eru nokkur atriðin þegar tekin fyrir, og er þar þegar sýnt fram á, 1) að fyrirtækinu yrði ekki í hættu stofnað, þótt fólksfjölgun yrði minni á Ísafirði en áætlunin gerir ráð fyrir, 2) að framleiðslukostnaður þeirrar raforku, sem úr hitaveiturafstöðinni fæst, mundi í dieselrafstöð verða 33% hærri að minnsta kosti.

Frá vatnsaflsorkuveri mundi raforkan að visu undir vissum kringumstæðum geta orðið nokkru ódýrari, en eins og segir í umsögn raforkumálastjóra, „kemur ekki til greina að virkja Dynjanda eða annað fallvatn, sem um munar, á Vestfjörðum í bili“. Eins og kunnugt er, varð sú niðurstaðan af rannsókn þeirri um virkjun Dynjandisáanna, sem Ísafjarðarkaupstaður ásamt öðrum bæjar- og sveitarfélögum á Vestfjörðum hefur látið gera á undanförunum árum, að sú framtíðarúrbót raforkumála Vestfjarða er ekki talin eins álitleg og vonir stóðu til.

Í umsögn raforkumálastjóra er talið, að gjaldeyrisparnaður af hitaveitunni verði 220000 kr. á ári, og er þar miðað við, að kolanotkun til húsa hitunar á væntanlegu hitaveitusvæði sé 3000 tonn á ári. Er þá gengið út frá reynslutölum um hitagildi sæmilega góðra kola. En skýrslur sýna hins vegar, að raunverulega hefur kolanotkunin til húsa hitunar á Ísafirði orðið sem svarar 4100 tonnum á ári, enda sjálfsagt oft allléleg kol sem til landsins flytjast. En samkvæmt því verður þá gjaldeyrisparnaðurinn 300000 kr. á ári.

Til tals hefur komið að reisa sementsverksmiðju á Önundarfirði. Til rekstraröryggis gæti reynzt heppilegt, að sementsverksmiðjan væri tengd við orkuver Ísafjarðarkaupstaðar.

Það er ekki ástæðulaust að benda á, að um nýjung er að ræða hér á landi, þar sem sameinað er í einu orkuveri: framleiðsla á raforku og hita fyrir heilt bæjarfélag. Þessi sameining hefur reynzt mjög hagkvæm í bæjum og borgum erlendis.

Einnig má benda á, að þjóðhagslega mun það vera rétt að búa þannig um allar aðstæður fyrir íbúa stærstu bæja landsins, að þeir geti vel unað hag sínum og notið krafta sinna sem góðir og gegnir borgarar, en það geta þeir, ef sömu lífsþægindi eru fyrir hendi og höfuðstaður landsins býður upp á.

Með því að þær áætlanir og umsagnir, sem fram hafa komið um þetta mál, hniga allar að því, að hér sé um mikilvægt hagsmunamál fyrir Ísafjörð að ræða, og með því að telja má, að fullnaðarathuganir muni sýna, að framkvæmdir þessar hrjóti ekki í bág við hagfelldustu lausn raforkumála Vestfjarða í heild, en brýn nauðsyn er fyrir Ísafjörð, eins og áður er á bent, að bæta úr hinum tilfinnlega raforkuskorti, teljum við nauðsynlegt að fara fram á, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til að veita nauðsynleg leyfi og ríkisábyrgð vegna framkvæmdanna.